



Nýársávarp
forseta Íslands
Kristjáns Eldjárn
1. janúar 1969

Góðir Íslendingar.

Ársins 1968 mun meðal annars verða minnst fyrir það, að þá tókst mönnum í fyrsta sinn að komast til annarra hnatta, fara í kringum tunglið. Allir hljóta að vona, að þetta dásamlega afrek hugvits og hugrekkis bendi fram á við til betra og auðugra lífs í mannheimi. Allar þjóðir keppast við að færa sér í nyt hvern þann sigur, sem unninn er á sviði vísinda og tækni. Vér Íslendingar spyrjum, hvernig vér séum á vegi staddir, hvernig vér séum tækjum búnir til að sækja það, sem vér þörfnumst, í skaut náttúrunnar, nýta gæði hennar og verjast áföllum af hennar völdum.

Í stuttu nýársávarpi vil ég leiða hugann að landinu, sem vér byggjum, fósturjörðinni, landinu, sem Jónas Hallgrímsson kallaði farsælda frón og hagsælda móður. Land hverrar þjóðar er örlagavaldur í sögu hennar. Til skamms tíma gáfu sagnfræðingar þessu ekki þann gaum sem skyldi. Þeir skrifuðu um mannanna verk og athafnir, stjórn þeirra og óstjórn, eins og rétt er og sjálfsagt, því að það er sjálf sagan, en gáðu þess miður en vert er, hvern þátt lega lands og náttúrufar allt, landgæði og annmarkar, áttu að baki þessu öllu. Síðari fræðimenn hafa lagt sig meira eftir að skýra þetta. Saga Íslendinga verður ekki skilin nema með sífelltri hliðsjón af þeim lífsskilyrðum, sem landið hafði að bjóða. Að sama skapi verða allar framtíðarhugmyndir um líf þjóðarinnar að styðjast við fullkomna þekkingu á eðli landsins og sjávarins, sem girðir það og er í rauninni hluti af því. Þjóðin verður að semja við land sitt og una við það, gera sér grein fyrir kostum þess til gagns og gleði, og ókostum þess til varnaðar. Því að Ísland hefur bæði kost og löst, eins og haft er eftir einum hinna fyrstu manna, sem af því sögðu fregnir.

Á því ári, sem nú er liðið, varð mönnum tíðhugsað til þess, að þá var hálf öld síðan hafis lagðist upp að ströndum landsins, en einmitt á því ári gerði hann sig enn á ný heimakominn, meira en nóg til að minna rækilega á, að enn búum vér við þann nágranna, sem oft hefur gert oss þungar búsifjar. Og það minnti um leið á, að vér Íslendingar höfum færst það í fang, sem mörgum útlendum mönnum þykir með eindæmum, ein fámennasta þjóð veraldar, að vera sjálfstæð þjóð og nútímaþjóð að lífsstigi og menningu í tiltölulega köldu og erfiðu landi.

Fyrir allmörgum árum kom frægur erlendur vísindamaður hingað til lands og lét svo um mælt, að Ísland væri á takmörkum hins byggilega heims, eða öllu heldur að það væri á norðurmörkum þess, þar sem viðlit væri að láta nútíma menningarþjóðfélag þrífast. Sumir þykktust við, þótti sem hallmælt væri landinu, aðrir létu sér fátt um finnast og þóttust ekki vita annað en að hér hefði

menningarþjóðfélag staðið um aldir, enn aðrir létu svo sem hér væru merkileg sannindi sögð.

Þarna var nokkuð harkalega vakið máls á merku íhugunarefni. Fljótlegt er að ganga úr skugga um, að suðurmörk Íslands liggja norðar en nokkurs annars lands þar sem lifað er á vísu nútíma menningarþjóðfélaga, og Reykjavík er nyrsta höfuðborg í heimi. Forfeður vorir gerðu það sem fátítt er í sögunni. Þeir námu kaldara og norðlægara land en heimahagarnir voru. Venjulega er þessu þveröfugt farið um þjóðflutninga. Snemma hófust átök milli lands og þjóðar, ef svo mætti að orði kveða. Það þurfti hörku til að sækja lífsviðurværi sitt í greipar náttúrunnar, og þjóðin fór illa með land sitt, af því að hún vissi hvorki betur né gat, en landið launaði líku líkt og átti það til að vera harðleikið við þjóðina. Þetta þrátefli hélst um aldir, og veitti ýmsum betur. En þegar á heildina er litið, er það heillandi og lærdómsrík saga, hvernig þjóðinni tókst að lifa hér lífi sínu innan þeirra takmarka, sem landið sjálft markaði henni á aðra hönd og heldur frumstæð verkmenning hennar á hina. Að ógleymsdu misgóðu stjórnaritari hlaut þetta tvennt að skera henni stakk, og hann var að vísu þröngur, en þó aldrei svo, að hún yrði að kosta öllu lífsmagni sínu til að afla brýnustu lífsnauðsynja. Þrátt fyrir allt hafði hún þá orku aflögu að geta varðveitt og ávaxtað þá andlegu menningu, sem landnámsmenn fluttu með sér hingað að stofni til og verið hefur bakhjallur þjóðarinnar jafnan, og tekið við nýrri. Stundum hefur verið sagt, að Íslendingar fyrr á tíð hafi aldrei lært að lifa í sátt við landið sitt. Ef til vill má eins vel svo að orði komast, að þeir hafi aldrei beygt sig svo mjög fyrir því harðdræga í náttúruskilyrðum þess, að þeir þar fyrir seldu af höndum sér viðleitnina til andlegs lífs. Og lífs komst þjóðin af, og ásamt með lífi sínu bjargaði hún þeim verðmætum, sem vér viljum nú best að hlúa á nýjum og gjörólíkum tímum.

Saga íslensku þjóðarinnar fyrir tækniöld sýnir, að hér á landi gat tiltekinn hámarksfjöldi fólks lifað við lífsstig frumbúskapar, að vísu við fátækleg ytri kjör, en þó við töluverða andlega menningu og vann stundum afrek í þeim efnum. Þetta var hægt í þessu norðlæga landi. En það er ekkert svar við þeim efasemdum, sem fólust í þeim ummælum, sem ég nefndi áður. Kröfurnar til lífsins í þjóðfélagi frumbúskapar eru svo gjörólíkar þeim kröfum, sem nútímaþjóðfélag gerir, að samanburður hefur takmarkað gildi. Landið er enn hið sama og það áður var, á sömu norðurslóðum, en nú verður það að standa undir margfalt meira til þess að þjóðin nái því markmiði, sem hún ætlar sér, að lifa hér í nútíma velmegunarþjóðfélagi. En síðustu áratugir hafa sýnt og sannað, að einnig þetta er hægt. Hin miklu vísindi og tækni nútímans hafa fengið oss í hendur þau tæki, sem megnuðu að rjúfa hinn þrönga hring, sem lega og náttúra landsins mörkuðu allri framvindu áður fyrir. Þjóðin hefur náð áður óþekktu valdi yfir auðlindum lands og sjávar og sótt á öllum sviðum kappsamlega fram að því marki, að hér mætti blómgastr nútímaþjóðfélag með efnalegri og andlegri velmegun. Velviljaður umheimur og rás heimsviðburða eiga hér sinn hlut að máli, en þó er það fyrst og fremst nýting landkostanna, sem vér eigum það að þakka, sem vér nú höfum. Landið er að vísu norðlægt og nokkuð harðskiptið á stundum, en það hefur ekki brugðist þjóðinni. Það heyrir raunar ekki sjaldan, að vér séum vanþróuð þjóð og Ísland sé í rauninni eins konar verstöð, eins og forðum var sagt með lítilli virðingu. Slík ummæli krefjast þó nánari skilgreiningar til þess að mark sé á þeim takandi. Þótt eitthvað megi út á setja og margt kunni að vera hér hálfkarað, er full ástæða til að gleðjast yfir því, að vér búum nú við nútíma þjóðfélag á Íslandi, þrátt fyrir efunarorð ókunnugra um möguleika landsins og getu smárrar þjóðar.

Hitt er þó enn sem fyrri sjálfsagt, að vér verðum að halda vöku vorri og stefna vitandi vits að heillarkri sambúð lands og þjóðar. Trúin á hvort tveggja má engan hnekki bíða. Við þessi áramót eru efst í huga margra þeir miklu efnahagserfiðleikar, sem þjóðin á nú við að stríða. Vegna þeirra horfa nú margir fram á komandi ár með kvíða. Allir vona þó, að úr rætist sem fyrst, og hvað sem öllu líður er nú um ekkert að gera nema snúast við vandanum af alefli og treysta giftu og manndómi þjóðarinnar til að sigrast á honum. Og þrengingar hvetja til lærdóma, að þessu sinni meðal annars þeirra, að leita þurfi ráða til að treysta betur undirstöður íslenskra atvinnuvega. Vér höfum notað tæknina til að hagnýta hinar gömlu lífsuppsprettur þjóðarinnar, frjómdina og ekki síst fiskimiðin. Það munum vér enn gera á ókomnum tímum og með vaxandi gát og gjörhygli og frá nýjum sjónarmiðum. Víst er að landið og sjórinn kringum það búa yfir möguleikum, sem enn eru lítt notaðir og alls ekki að fullu kannaðir. Jónas Hallgrímsson kallaði landið farsælda frón, og var það mjög mælt ekki síst á hans tíð, en hann sagði einnig í öðru kvæði að vísindin vefji lýð og láð farsældum, notar sama orðið aftur. Þetta var skáldsýn, þegar kveðið var, en nú raunveruleiki. Með þekkingu, vísindum, mun verða eflid fjölbreytni í atvinnuháttum á landi hér. Margt hefur verið gert í þessa átt eða er í uppsiglingu. En víst er, að betur má ef duga skal. Rannsóknarstarfsemi verður að auka til muna, bæði grundvallarrannsóknir á náttúru lands og hafs og hagnýtar rannsóknir í kjölfar þeirra og samhliða þeim. Því má staðfastlega trúna, að með skynsamlegri hagnýtingu þeirrar þekkingar, sem vísindaleg rannsókn leiðir í ljós, geti orðið hér nægur auður í garði til góðra lífsskilyrða í nútíma menningarþjóðfélagi. Langar vetrarnætur og sólarlítill sumur norðursins geta ekki komið í veg fyrir það.

En þótt boðaður sé tími vísinda og vaxandi þekkingar má síst gera þessi hugtök að átrúnaðargoðum, sem hægt sé að varpa allri áhyggju sinni á. Vísindin leysa engan af hólmi, ekki sjómanninn, bóndann, verkamanninn, iðnaðarmanninn. En þau eiga að tryggja honum ávöxt síns erfiðis, gera hann og þar með allt þjóðfélagið óháðra veðri og vindum, sól og regni, sem Stephan G. sagðist eiga allt undir.

Ég sagði fyrir skömmu í ræðu, að Íslendingar gætu ekki gert sér vonir um að verða forustupjóð í vísindum. Ekki munum vér stefna til tunglsins. En nærtækari rannsóknarefni eru óteljandi. Og því vil ég bæta við áðurgreind ummæli mín, að víst eigum vér að verða forustupjóð í þeim greinum, sem beinlínis varða þjóðina sjálfa, sögu hennar og menningu, og landið, gögn þess og gæði. Í því sambandi rifja ég upp, að á gamla árinu, 1968, voru tveir merkir minningardagar, sem að þessu mega líta. Á því ári voru réttar 9 aldir síðan talið er að fæddur væri Ari prestur Þorgilsson, sem kallaður hefur verið faðir íslenskrar sagnaritunar, reyndar maður á heimsmælikvarða á sínu sviði, eins og nú er komist að orði. Í honum persónugerðist evrópsk menntastefna á furðulega fullkominn og um leið þjóðlegan íslenskan hátt. Til verka hans, beint eða óbeint, verða raktar rætur íslensks þjóðernis, og hefur einhvern tíma verið haldið upp á ómerkara afmæli.

Á því ári voru og tvær aldir liðnar frá dauða Eggerts Ólafssonar. Um nafn hans er mikill ljómi í minningu þjóðarinnar, enda var hann frægt skáld, framgjarn forustumaður og hann hvarf þjóð sinni með harmsögulega eftirminnilegum hætti í blóma lífsins. Áhrif hans á Íslendinga urðu mikil, en nú minnumst vér hans ekki hvað síst fyrir þá sök, að með honum hófst, með næsta ótrúlegum glæsibrag, vísindaleg rannsókn landsins, sem einmitt nú er kjörorð vort.

Vel mætti minning þessara tveggja manna, hvors á sínu sviði, vera leiðarljós í því þjóðfélagi rannsókna og þekkingar, sem hér hlýtur að koma og er reyndar þegar að komast á legg.

Einhverjum kann að finnast til um, að hér hafi verið talað um fósturjörðina frá hagnýtu sjónarmiði einu, af eins konar matarást, en ekki minnst á ættjarðarástina, hina hreinu göfugu tilfinningu. Henni hef ég þó ekki gleymt. Íslendingar unna landi sínu, og það eins þótt þeir viti, að það er ekki landa best, ef einhver algildur mælikvarði á slíkt væri þá til, enda vita þeir einnig, að sitt er að jörðu hverri. Ísland þyrmir þjóð sinni við mörgu, sem aðrar þjóðir verða að þola af landi sínu, og gefur þeim margt, sem aðrir þrá, en hafa ekki. Olnbogarymi, hreint og heilnæmt loft, óendanlega möguleika til að njóta upprunalegrar óspilltrar náttúru í fjölbreytilegustu myndum. Nýtt viðhorf til alls þessa hefur skapast á vorum dögum, eins konar ný ættjarðarást. Ekki meiri en áður var allt frá tímum rómantúkurinnar, sú sem birtist í aragrúa ættjarðarljóða, sem eiga mest skylt við ástarjátningar og tilbeiðslu. Slíkt á ekki við smekk nútímans, í staðinn fyrir þetta mikla tilhugalíf eru komin persónulegri kynni og raunveruleg sambúð. Þjóðin hefur numið landið á nýjan hátt, og það er gleðilegt tímanna tákn, og mætti þó það landnám enn eflast. En þetta nýja viðhorf til landsins, nýja ást á landinu, helst í hendur við trúna á landið sem lífgjafa. Vér verðum að treysta landinu og trúna á möguleika þess, þá fyrst fáum vér notið þess unaðar og þeirrar hamingju sem það er að búa í þessu fagra og blessaða landi, sem á engan sinn líka.

Góðir samlandar. Á þessum fyrsta degi hins nýja árs vildi ég mega þakka yður öllum góð samskipti á því ári, sem nú er liðið. Margt er að minnst fyrir hvern og einn, og fyrir mig þess þá helst, að ég tók við því embætti, sem nú færir mér að höndum að ávarpa yður í dag. Þess er mér ljúft að geta, að þjóðin hefur, jafnt háir sem lágir, auðveldað mér göngu mína með góðvild og vinsemd, og fyrir það færi ég henni þakkir. Ég óska yður öllum árs og friðar. Með þeirri gömlu íslensku kveðju tek ég þá undir óskir og bænir manna víða um heim fyrir friði meðal þjóða, friði meðal manna. Gleðilegt nýjár, þökk fyrir gamla árið.